

L Ö G

79

11. júní

um einkaleyfi til þess að flytja út og selja erlendis íslenzkar sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Um næstu 5 ár frá gildistöku laga þessara veitist firmanu „Crystal, Karl Björnsson & Co.“ í Reykjavík einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði brjóstsykur, karamellur, konfekt og aðrar sælgætisvörur, hverju nafni sem nefnast, blandaðar fisklýsi og safu eða efnum úr íslenzkum nytjajurtum.

2. gr.

Meðan á leyfistímanum stendur er öllum óheimilt að flytja út brjóstsykur og aðrar sælgætisvörur, blandaðar framangreindum efnum. Brot gegn ákvæði þessu varða sektum frá 200 til 20000 kr.

3. gr.

Nemi verðmæti samanlagðs útflutnings, sem í 1. gr. segir, minna en 70000 kr. á ári miðað við þriðja ár sérleyfistímans, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta firmað sérleyfinu.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir heimild til að setja reglugerð um framkvæmd sérleyfisins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.